

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. og 11. tölul. 5. gr. og 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 24. júní 1998.

F. h. r.

Bergþór Magnússon.

Hermann Jónasson.

19. júní 1998

Nr. 361

SAMÞYKKT

um kattahald í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Kattahald í þéttbýli í Borgarfjarðarhreppi innan þorpsgirðingar sætir þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í samþykkt þessari. Einnig er sveitarstjórn heimilt að takmarka kattahald í dreifbýli ef þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar og héraðsdýralæknis.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds að uppfylltum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Leyfi má veita með eftirfarandi skilyrðum í þéttbýli:

- Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sérinngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja leyfi allra íbúðareigenda.
- Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn samþykkir og staðfest er af umhverfisráðherra. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- Árlega ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum svo og öðrum skilríkjum sem máli skipta.
- Leyfishafi skal hafa kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð verði kr. 10.000.000 (tíu milljónir).
- Kötturinn skal ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera bjalla og plata, sem í er greytt skráningarnúmer dýrsins, nafn eiganda og símanúmer.
- Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.
- Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.
- Eigendur og forráðamenn katta skulu hafa þá í haldi að næturlagi og takmarka útiveru þeirra að deginum, sbr. stafl. f.

- j) Köttum má ekki hleypa inn í fyrirtæki og stofnanir sbr. 4. og 8. kafla og 11. - 16. kafla heilbrigðisreglugerðar, þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn.
- k) Leyfishafa ber að hafa sandkassa fyrir köttinn á sinni lóð.

3. gr.

Umsóknum um leyfi til kattahalds skal skila inn til sveitarstjórnar eða fulltrúa hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum samþykktar um kattahald. Sveitarstjóri veitir eða synjar umbeðnu leyfi að fenginni umsögn dýraeftirlitsmanns. Leyfishafi fær afhenta plötu, sbr. ákvæði d-liðar 2. mgr. 2. gr. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Dýraeftirlitsmaður skal vera starfandi í Borgarfjarðarhreppi og setur sveitarstjórn honum starfsreglur. Skal hann gefa sveitarstjóra eða fulltrúa hans, sem með þessi mál fer, skriflega skýrslu um þau dýr sem hann þarf að hafa afskipti af.

Dýraeftirlitsmaður skal færa upplýsingar um leyfð dýr í þar til gerða bók. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Dýraeftirlitsmaður skal árlega senda heilbrigðis-eftirlitinu skrá yfir leyfða ketti.

Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar og hefur eftirlit með kattahaldi í Borgarfjarðarhreppi og nýtur til þess fulltingis lögreglu.

5. gr.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

6. gr.

Sveitarstjórn getur afturkallað leyfi til kattahalds telji hún þess brýna þörf.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

8. gr.

Sé kvartað undan ágangi katta í íbúðahverfum er meindýraeyði heimilt að veiða í búr og eyða ómerktum flækingsköttum án þess að það sé auglýst sérstaklega.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengununarvarnir.

10. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem nú halda ketti skulu sækja um leyfi samkvæmt 2. gr. fyrir 1. september 1998.

Umhverfisstjórnuneytinu, 19. júní 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.